



Borgarhólsskóli

Smiðjur



Skólaárið 2015 – 2016

Samkvæmt Aðalnámskrá eru valgreinar hluti af skyldunámi í 8., 9. og 10. bekk og eiga að svara til allt að fimmtungi námstímans. Nám í unglingadeildum skiptist í kjarnagreinar og valgreinar, hér eftir kallaðar smiðjur, samtals 37 kennslustundir á viku. Kjarnagreinar eru þær greinar sem allir nemendur taka þ.e. íslenska, stærðfræði, enska, danska, náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni, sund og íþróttir. Hluti af smiðjunum eru bundnar í töflu nemenda, þ.e. vinnustofur og nýsköpunarmennt. Athygli er vakin á því að sömu kröfur eru að sjálfsögðu gerðar til ástundunar í smiðjur eins og í kjarnagreinar.

Nemendur geta fengið metna sem smiðju þátttöku sína í tónlistarskóla, skipulögðu íþróttastarfi, félagsstörfum og atvinnuþátttöku, klukkustund fyrir hvern þessara þátta Það sem metið er getur ekki gengið á kjarnagreinar skólastarfs í árgangi viðkomandi nemanda.

Smiðjurnar skiptast niður á þrjá lykilþætti aðalnámskrár, sköpun, heilbrigði og velferð og lýðræði og mannréttindi. Undir sköpun gefst nemendum færi á að velja marimba, kór, fluguhnýtingar, myndmennt, textíl ásamt fjölbreyttum smiðjum sem Tónlistarskólinn býður upp á. Heilbrigði og velferð er sérstök smiðja með áherslu á hreysti og næringarfræði. Undir lýðræði og mannréttindi geta þeir nemendur sem hlotið hafa kosningu til nefndarstarfa fengið þau metin sem smiðju. Nánari útfærsla á smiðjunum er að finna hér á eftir.

Allir nemendur unglingastigs fara í smiðjur bundnar í töflu en aðrar smiðjur geta nemendur valið um í upphafi skólaárs. Það fer eftir ásókn í smiðjurnar hvort boðið verði upp á smiðjurnar tvisvar eða þrisvar á skólaárinu. Undanskyldar eru smiðjurnar kór, marimba og smiðjur Tónlistarskólans en þær eru aðeins í boði í upphafi og kenndar út skólaárið. Þeir nemendur sem velja þær velja því ekki aftur. Þær eru auk þess kenndar á öðrum tímum sem ákveðnir eru í samráði við nemendur. Smiðjurnar sem nemendur velja eða fá metnar telja eina klukkustund í töflu nemenda.

Smiðjur bundnar í töflu

Allir nemendur á unglingastigi fara í þessar smiðjur.

Vinnustofur 8., 9. og 10. bekkur

Vinnustofur verða þrisvar sinnum í viku. Fyrirkomulagið er þannig að nemendur velja sér vinnustofu þar sem þeir telja sig þurfa, og eða óska eftir að vinna betur. Í vinnustofunum eru kennarar viðkomandi greina til staðar og aðstoða nemendur eftir þörfum. Unnið er í vinnustofum 30 mínútur í senn.

Allir nemendur í 8., 9. og 10. bekk velja vinnustofur hverju sinni.

Nýsköpunarmennt 8., 9. og 10. bekkur

Nemendur í 8. 9. og 10. bekk eiga kost á að vinna að áhugasviðsverkefni sem byggir á frumkvæði nemenda, nýsköpun, frumkvöðlamennt, samstarfi, samvinnu og samfélagslegri ábyrgð nemenda. Unnið er í hópum þvert á bekki.

Aðrar smiðjur

Nemendur velja tvær af eftirtöldum smiðjum. Eina smiðju sem fyrsta val og aðra til vara

Sköpun – Handverk og hönnun

Innan námsgreinarinnar er hægt að velja verkefni sem krefjast verklegrar hæfni í textílmennnt, fluguhnýtingum eða myndmennt. Í hverju fagi er boðið uppá ákveðin verkefni. Eftirtalin verkefni eru í boði í handverki og hönnun:

Fluguhnýtingar

Verkefni 1

Lota I í 3-4 vikur:

Unnið með krossvið-brennipenna-liti og lökk.

Verkefni: Smíðuð vönduð tvöföld geymsla (kassi) utan um flugur.

Lota II í 8-9 vikur:

Lærum að hnýta einfaldar laxa og silungaflugur og púpur.

Verkefni: 1-2 flugur í hverjum tíma.

Mat: Símat.

Verkefni 2

Lota III í 6 vikur:

Lærum að hnýta erfiðari laxa og silungaflugur.

Verkefni: 1-2 flugur í hverjum tíma.

Lota IV í 6 vikur:

Lærum að hanna eigin flugur og skrifa uppskrift af þeim.

Verkefni: 1-2 flugur í hverjum tíma.

Mat: Símat.

Einnig ef veður og aðstæður leyfa í 1 eða 2 tíma, að fara með stöng í á eða vatn og prófa afurðir vetrarins.

Textílmennt

Í textílvali er lögð áhersla á:

- Að kenna og þjálfa nemendur í grunnaðferðum textílmennta s.s. prjóni, hekli, útsaumi, tauprykki, að sauma á saumavél og fl.
- Að efla færni nemenda í fá hugmynd og vinna út frá henni. Einnig að halda utan um verkferlið (frá hugmynd til endanlegrar útkomu) með skráningu í skissubók/möppu.

Verkefni í boði:

- Að prjóna vettlinga eða sokka – læra að fitja upp, prjóna slétt og brugðið, fella af, úrtöku og ganga frá endum.
- Að hekla barnateppi/ púða – læra að hekla loftlykkjur og stuðla, ganga frá endum og pressa teppið/púðann.
- Að sauma út í tösku, pennaveski, púða, koddaver eða annað – læra að sauma varplegg, flatsaum, krosssaum og fl.
- Að sauma sér einfalda flík s.s pils, kjól, náttbuxur eða annað – læra að taka upp snið, sníða, sauma á saumavél.
- Að búa til tösku, dúk, púðaver, annað - Að vinna með tauliti í léreft og kynnast mismunandi aðferðum til að búa til og færa munstur á textílefni.

Kennsluaðferðir: Innlögn, sýnikennsla og einstaklingsbundin kennsla.

Námsmat: Námið er metið út frá verk- og safnmöppu og verkefnum nemenda þar sem matsþættir eru

- Hugmyndavinna 40 %
- Vandvirkni 30%
- Vinnusemi 30%
- Vert að minna á að hegðun og viðmót hafa alltaf einhver áhrif

Myndmennt

Vatnslitir

Nemendur læra um eiginleika vatnslita og mála sérú af vatnslitamyndum, viðfangsefni frjálst.

Teikning

Nemendur fara í undirstöðuatriði í teikningu og skoða ólíkar aðferðir. Mynd unnin að eigin vali.

Grafík/dúkrista/þurrnál

Nemendur vinna einfalt grafíkverkefni.

Vinna eftir eigin hugmyndum.

Námsmat

Verkefni og hver kennslustund er metin og er þá horft til áhuga, vinnusemi, frumkvæði, vandvirkni og jákvæðni. Þar sem nemendur eru að velja myndmennt, þá leggur kennari mikla áherslu á sjálfstæði og áhuga í allri vinnu.

Heilbrigði og velferð

Smíðjan miðast að því að kynna starfsemi líkamans við hreyfingu og inntöku matar, einnig verður farið í áhrif hreyfingarleysis og heilsutengda sjúkdóma. Farið verður í hagnýt heimilisráð í matargerð, þrifum og úrvinnslu íslensks hráefnis. Útivera og hreyfing úti koma mikið inni námskeiðið með ýmsum hætti. Áhersla verður lögð á eftirfarandi þætti í heilbrigði og velferð:

Hollusta og næring:

- Virkni – líkamans.
- Næringarefnin.
- Lífsstílstengdir sjúkdómar.

Lífsstíll:

- Fjármál.
- Lífsahættir.
- Almenn þrif.

Almenn útivera:

- Gönguferðir.
- Leikir.
- Vetrariþróttir.
- Styrktar þjálfun.
- Slökun.

Matargerð:

- Jólabakstur
- Þorramatur
- Íslensk matargerð

Sköpun – Tónlist og tækni

Kór (bindandi fyrir allt skólaárið)

Kórinn er fyrir stúlkur úr 6.bekk og upp úr. Það er metið sem valfag á unglingsdeild og fæst ein eining á önn innan FSH. Kóræfingar fara fram í tónmenntastofu.

Markmiðið á æfingum er að skapa jákvætt og glaðlegt andrúmsloft þar sem kórsöngur ræður ríkjum. Mest er sungið í röddum og þá eru dægurlög vinsælust.

Stúlnakórinn var gestgjafi Barnakóramóts TKÍ vorið 2015 og tókst vel til.

Framundan er fjáröflun fyrir kórferðalag, en stefnt er að þáttöku á norrænu kóramóti, Norbusang, í Danmörku vorið 2016.

Kórinn kemur reglulega fram við ýmis tækifæri en fastir liðir eru Jólatónleikar og Vortónleikar.

Kórstjóri: Ásta Magnúsdóttir, tónmenntakennari.

Marimba (bindandi fyrir allt skólaárið)

Marimbasveitin hittist einu sinni í viku í eina klukkustund. Unnið er aðallega með afrísk lög sem hafa verið kennd vítt og breitt um Norðurland í nokkur ár.

Mikilvægt samstarf er við marimbanemendur frá Akureyri. Við höfum fengið gestakennara þaðan til að aðstoða okkur við að koma saman nýjum lögum. Eins höldum við æfingabúðir og þá er gíst eina nótt.

Hver nemandi lærir á 1-2 hljóðfæri í hverju lagi. Allir skiptast á að spila á ólík hljóðfæri innan hljómsveitarinnar, það á enginn eitt hljóðfæri.

Marimbasveitin kemur reglulega fram en fastur liður eru vortónleikar sem jafnframt er lokamat á frammistöðu nemenda.

Eftirfarandi smiðjur eru í umsjón Tónlistarskóla Húsavíkur. Þær eru eingöngu í boði á haustönn og er þá valið fyrir allt skólaárið.

Eftirtalin verkefni eru í boði í þessari smiðju:

- Dægurlagasöngur fyrir byrjendur þar sem kennslan fer fram í hópum. Gert er ráð fyrir að allir nemendur á fyrsta ári í söng fari í gegnum þetta prógram. Grunntækni í söng (hvernig á að standa og anda), poppsöngur og hljóðnematækni.
- Gítar undirleikur og söngur.
- Nemendur læra að leika undir á gítar og syngja vinsæl lög eftir bókstafshljómum.

Lýðræði og mannréttindi

Fjáröflunarnefnd, árhátíðarnefnd, nemendaráð

Þeir nemendur sem hlotið hafa kosningu í fjáröflunarnefnd, árhátíðarnefnd og/eða nemendaráð geta fengið þá vinnu metna sem eina smiðju fyrir hverja nefnd sem viðkomandi situr í. Seta í árhátíðarnefnd fæst metin sem smiðja í tvær annir.

Íþróttir metnar

Nemendur sem æfa íþróttir undir stjórn þjálfara geta fengið það metið sem eina smiðju.

Einstaklingsnám í tónlist

Nemendur sem eru fullu tónlistarnámi geta fengið námið metið sem smiðju.

Atvinnuþátttaka metin

Nemendur geta fengið atvinnuþátttöku sína metna sem eina smiðju.

Námsmat

Námsmöppur

Í öllum smiðjum gera nemendur námsmöppur þar sem:

- Nemendur setja sér markmið.
- Skrá og rissa niður hugmyndir (safna prufum og tilraunaverkum).
- Skrá feril vinnunnar – hvað er gert, hvernig og hvenær (dagbók).
- Skrá árangur – hvernig tókst mér að ná markmiðunum sem ég setti mér í upphafi. Í list- og verkgreinum taka nemendur myndir / og hljóð af endanlegum verkum og setja í möppu.
- Meta námið – eigin frammistöðu og verkefnið.

Námsmat:

Við annaskil skila allir nemendur inn verkmöppu sem á að innihalda ofantalda þætti. Námsmappa liggur til grundvallar í mati á smiðjum. Hver þáttur vegur 15% sem gera 75% en þá eru eftir 25% sem gilda fyrir frágang á möppu.

Námsmat – Sjálfsmat

	Þarf að taka mig á hvað – hvernig?	Gekk mjög vel hvað – hvernig?	Kann ekki og þarf að læra betur.
Markmið			

Hvernig tókst til við markmiðssetninguna?			
Hugmyndir Hvernig tókst hugmyndavinnan? Hvaðan kom hugmyndin – hvernig varð hún til?			
Vinnuferlið Hvernig gekk að útfæra hugmyndirnar? Hvað lærðirðu?			
Endanleg útkoma Hvernig lítur verkið/verkefnið út? Ertu sátt/ur við útkomuna? Hefði mátt gera þetta öðruvísi? Náðirðu markmiðum þínum?			
Frágangur og vinnubrögð Hvernig er frágangurinn á möppunni? Vandaðir þú alla vinnu? Varstu í vandræðum með eitthvað?			
Annað			

Matsblað kennara

	Þarfnast endurbóta hvað – hvernig?	Gekk mjög vel hvað – hvernig?	Kann ekki og þarf að læra betur.
Markmið			

Hvernig tókst til við markmiðssetninguna?			
Hugmyndir Hvernig tókst hugmyndavinnan? Hvaðan kom hugmyndin – hvernig varð hún til?			
Vinnuferlið Hvernig gekk að útfæra hugmyndirnar? Hvað lærðirðu?			
Endanleg útkoma Hvernig lítur verkið/verkefnið út? Ertu sátt/ur við útkomuna? Hefði mátt gera þetta öðruvísi? Náðirðu markmiðum þínum?			
Frágangur og vinnubrögð Hvernig er frágangurinn á möppunni? Vandaðir þú alla vinnu? Varstu í vandræðum með eitthvað?			
Annað			